# REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 232/2012

**2013/EES/9/30**

**frá 16. mars 2012**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun kínólínguls (E104), sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) og ponseau 4R/kókínílrauðs A (E 124) og magnið sem er heimilt að nota** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir aukefni sem hlotið hafa samþykki fyrir notkun í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Kínólíngult (E 104), sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) og ponseau 4R, kókínílrautt A (E 124) eru matvælalitarefni sem eru sem stendur samþykkt til notkunar og skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Fyrirliggjandi tillaga tekur tillit til ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI), sem vísindanefndin um matvæli (SCF) innleiddi árið 1983([2]).

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gaf út álit 23. september 2009([3]) í tengslum við endurmat á öryggi kínólínguls (E 104) sem matvælaaukefnis. Í því áliti leggur Matvælaöryggisstofnunin til að lækka ásættanlega, daglega inntöku fyrir það matvælalitarefni úr 10 mg/kg á dag miðað við líkamsþyngd í 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þar að auki telur Matvælaöryggisstofnunin að nánari útreikningar á váhrifum (aðferðarþrep 2 og 3) liggi almennt vel yfir endurskoðaðri ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Því er rétt að breyta notkunarskilyrðunum og magni, sem heimilt er að nota, fyrir kínólíngult (E 104) til að tryggja að ekki verði farið yfir hina nýju ásættanlegu, daglegu inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til.

4) Matvælaöryggisstofnunin gaf út álit 27. september 2009([4]) í tengslum við endurmat á öryggi sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) sem matvælaaukefnis. Í því áliti leggur Matvælaöryggisstofnunin til að lækka ásættanlega, daglega inntöku fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) úr 2,5 í 1 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þar að auki telur Matvælaöryggisstofnunin að nánari útreikningar á váhrifum (aðferðarþrep 3) liggi almennt vel yfir endurskoðaðri, tímabundinni ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 1 mg/kg líkamsþyngdar á dag fyrir börn sem eru stórneytendur. Því er rétt að breyta notkunarskilyrðunum og magni, sem heimilt er að nota, fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) til að tryggja að ekki verði farið yfir hina nýju tímabundnu ásættanlegu, daglegu inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til.

5) Matvælaöryggisstofnunin gaf út álit 23. september 2009([5]) í tengslum við endurmat á öryggi ponseau 4R, kókínílrauðs A (E124) sem matvælaaukefnis. Í því áliti leggur Matvælaöryggisstofnunin til að lækka ásættanlega, daglega inntöku fyrir það matvælalitarefni úr 4 mg/kg líkamsþyngdar á dag í 0,7 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þar að auki telur Matvælaöryggisstofnunin að nákvæmara mat á váhrifum (aðferðarþrep 3) liggi almennt vel yfir endurskoðaðri ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 0,7 mg/kg líkamsþyngdar á dag fyrir börn sem eru stórneytendur. Því er rétt að breyta notkunarskilyrðunum og magni, sem heimilt er að nota, fyrir ponseau 4R,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 14. ritröð, 1983.

([3]) Vísindalegt álit nefndar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, varðandi endurmat á öryggi kínólínguls (E 104) þegar það er notað sem matvælaaukefni, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009; 7(11), bls. 1329.

([4]) Vísindalegt álit nefndar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, varðandi endurmat á öryggi sólsetursguls (E 110) þegar það er notað sem matvælaaukefni, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009; 7(11), bls. 1330.

([5]) Vísindalegt álit nefndar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, varðandi endurmat á öryggi ponseau 4R þegar það er notað sem matvælaaukefni, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009; 7(11), bls. 1328.

kókínílrautt A (E 124) til að tryggja að ekki verði farið yfir hina nýju ásættanlegu, daglegu inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til.

6) Nauðsynlegt er að fjarlægja þessi efni úr III. flokki sem er skráður í 3. lið C-hluta II. viðauka. Samanlagt hámarksgildi skal þó enn gilda þegar þessi efni eru notuð ásamt efnunum sem eru eftir í III. flokki.

7) Hámarksgildin ber að endurskoða í því skyni að lækka váhrif niður fyrir tillagða ásættanlega, daglega inntöku. Einkum skal lækka þau um sama stuðul og lækkunina sem stefnt er að í daglegri inntöku. Tilteknar undanþágur fyrir meira magni skulu leyfðar fyrir sumar hefðbundnar vörur sem hafa ekki veruleg áhrif á váhrifin. Einnig hafa nokkur ákvæði verið felld brott.

8) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Rétt er að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag í því skyni að veita matvælaiðnaðinum þann tíma sem er nauðsynlegur til að laga framleiðslu sína að nýju notkunarskilyrðunum og því magni, sem heimilt er að nota, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi gildir frá 1. júní 2013.

Matvæli sem innihalda kínólíngult (E104), sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) og ponseau 4R, kókínílrautt A (E 124) og hafa verið löglega sett á markað fyrir 1. júní 2013, en eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslur í 3. lið C-hluta falli brott:

| | |
|---|---|
| „E 104 | Kínólíngult“ |
| „E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S“ |
| „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A“ |

2) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað 25. nmgr. í flokkunum 03, 05.2, 05.3, 05.4, 07.2 og 14.1.4 komi eftirfarandi:

„(25): Magn hvers eftirfarandi litarefnis má ekki fara yfir 50 mg/kg eða mg/l: E 122 og E 155“

b) Í stað 33. nmgr. í flokknum 1.7.5 komi eftirfarandi:

„(33): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 100, E 102, E 120, E 122, E160e og E 161b“

c) Í stað 34. nmgr. í flokkunum 04.2.1, 04.2.2, 04.2.3 og 04.2.4.1 komi eftirfarandi:

„(34): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 120, E 122, E 129, E 131 og E 133“

d) Í stað 31. nmgr. í flokkunum 04.2.5.2 og 04.2.5.3 komi eftirfarandi:

„(31): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 120, E 142, E 160d og E 161b“

e) Í stað 35., 36. og 37. nmgr. í flokknum 9.2. komi eftirfarandi:

„(35): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 102, E 120, E 122, E 142, E 151, E 160e og E 161b“

„(36): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 102, E 120, E 122, E 129, E 142, E 151, E 160e og E 161b“

„(37): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 102, E 120, E 151 og E 160e“

f) Eftirfarandi færslur um E 104, E 110 og E 124 bætist við í númeraröð í þeim matvælaflokkum sem getið er um:

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi<br>Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| **„01.4** | **Bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 5 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 5 | (61) | |
| | | 61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **01.6.3** | **Aðrar tegundir rjóma** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | Einungis bragðbættur rjómi |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 5 | (61) | Einungis bragðbættur rjómi |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 5 | (61) | Einungis bragðbættur rjómi |
| | | 61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **01.7.3** | **Ætar ostaskorpur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (62) | |
| | | (62): Heildarmagn E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **04.2.4.1** | **Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 30 | (61) | Einungis *mostarda di frutta* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | Einungis *mostarda di frutta* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 20 | (61) | Einungis *mostarda di frutta* |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **05.2** | **Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 30 | (61) | Að undanskildum sykruðum ávöxtum og grænmeti og hefðbundnu sykurhúðuðu sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | Að undanskildum sykruðum ávöxtum og grænmeti og hefðbundnu sykurhúðuðu sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 20 | (61) | Að undanskildum sykruðum ávöxtum og grænmeti og hefðbundnu sykurhúðuðu sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |
| | E 104 | Kínólíngult | 30 | (61) | Einungis sykruð aldin og sykrað grænmeti |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | Einungis sykruð aldin og sykrað grænmeti |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | Einungis sykruð aldin og sykrað grænmeti |
| | E 104 | Kínólíngult | 300 | (61) | Eingöngu sykurhúðað sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | Eingöngu sykurhúðað sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | Eingöngu sykurhúðað sælgæti, möndlu- eða oblátulaga, sem er að stofni til úr hnetum eða kakói, yfirleitt lengra en 2 cm og sem er yfirleitt neytt við hátíðleg tækifæri, þ.e. brúðkaup, fermingar o.s.frv. |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **05.3** | **Tyggigúmmí** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 30 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **05.4** | **Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Einungis skraut, hjúpur eða sósur, að fyllingum undanteknum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | Einungis skraut, hjúpur eða sósur, að fyllingum undanteknum |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 55 | (61) | Einungis skraut, hjúpur eða sósur, að fyllingum undanteknum |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Einungis fyllingar |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | Einungis fyllingar |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 55 | (61) | Einungis fyllingar |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **06.6** | **Soppur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 55 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **08.2.3** | **Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Einungis skraut og hjúpur að undanteknum ætum ytri hjúp fyrir *pasturma* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 35 | (61) | Einungis skraut og hjúpur að undanteknum ætum ytri hjúp fyrir *pasturma* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 55 | (61) | Einungis skraut og hjúpur að undanteknum ætum ytri hjúp fyrir *pasturma* |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (62) | Einungis ætar garnir og gervigarnir |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| | | (62): Heildarmagn E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **09.2** | **Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr** | | | | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 200 | (63) | Einungis í laxalíki að stofni til úr *Theragra chalcogramma* og *Pollachius virens* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (63) | Einungis í laxalíki að stofni til úr *Theragra chalcogramma* og *Pollachius virens* |
| | | (63): Heildarmagn E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| **09.3** | **Fiskhrogn** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 200 | (61) | Að undanskildum styrjueggjum (kavíar) |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 200 | (61) | Að undanskildum styrjueggjum (kavíar) |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (61) | Að undanskildum styrjueggjum (kavíar) |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **12.2.2** | **Kryddblöndur og bragðbætar** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (62) | Einungis kryddblöndur, t.d. karríduft, tandoori |
| | | (62): Heildarmagn E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **12.4** | **Sinnep** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 35 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **12.6** | **Sósur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 20 | (64) | Þar með talið súrsað grænmeti (e. *pickles*), grænmetissósur (e. *relish*), kryddsultur og *piccalilli;* að undanteknum sósum sem eru að stofni til úr tómötum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 30 | (64) | Einungis í súrsuðu grænmeti og *picalilli* |
| | | (64): Heildarmagn E 104 og E 110 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **12.9** | **Prótínafurðir, að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 1.8** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | Einungis kjöt- og fiskhliðstæður, að stofni til úr jurtaprótínum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 20 | (61) | Einungis kjöt- og fiskhliðstæður, að stofni til úr jurtaprótínum |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | Einungis kjöt- og fiskhliðstæður, að stofni til úr jurtaprótínum |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| **13.2** | **Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **13.3** | **Sérfæða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.1.4** | **Bragðbættar drykkjarvörur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | Að undanskildri súkkulaðimjólk og maltafurðum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 20 | (61) | Að undanskildri súkkulaðimjólk og maltafurðum |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | Að undanskildri súkkulaðimjólk og maltafurðum |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.2.3** | **Eplasítri og perusítri** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 25 | (64) | Að undanskildum *cidre bouché* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (64) | Að undanskildum *cidre bouché* |
| | | (64): Heildarmagn E 104, E 110 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.2.4** | **Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 20 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 1 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| **14.2.7.1** | **Kryddvín** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.2.7.2** | **Drykkir, að stofni til úr kryddvíni** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Að undanskildu *bitter soda, sangria, clara, zurra* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | Að undanskildu *bitter soda, sangria, clara, zurra* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | Að undanskildu *bitter soda, sangria, clara, zurra* |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.2.7.3** | **Hanastél, blönduð með kryddvíni** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **14.2.8** | **Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 180 | (61) | Einungis áfengir drykkir með minna en 15% alkóhólinnihald |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (61) | Einungis áfengir drykkir með minna en 15% alkóhólinnihald |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 170 | (61) | Einungis áfengir drykkir með minna en 15% alkóhólinnihald |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **16.** | **Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 5 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |

| Númer flokks | E-númer | Heiti | Hámarksgildi Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á) | Neðanmálsgreinar | Takmarkanir/undanþágur |
|---|---|---|---|---|---|
| **17.1** | **Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 35 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 35 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **17.2** | **Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk | | | |
| **17.3** | **Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 10 | (61) | |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 10 | (61) | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 10 | (61) | |
| | | (61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarksmagn sem skráð er fyrir III. flokk“ | | | |

g) Flokki 08.2.1 er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir E 110 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 15 | | einungis *sobrasada*“ |

ii. Í stað færslunnar fyrir E 124 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | | Einungis svínapylsur (sp. *chorizo)/salchichon*“ |

h) Flokki 14.2.7.1 er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslnanna fyrir E 104 og E 110 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 104 | Kínólíngult | 50 | (26) (27) | Einungis *americano, bitter vino* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (27) | Einungis *bitter vino*“ |

ii. Í stað færslunnar fyrir E 124 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (26) (27) | Einungis *americano, bitter vino*“ |

i) Flokki 14.2.7.2 er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslnanna fyrir E 104 og E 110 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 104 | Kínólíngult | 50 | (28) | Einungis *bitter soda* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (28) | Einungis *bitter soda*“ |

ii. Í stað færslunnar fyrir E 124 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (28) | Einungis *bitter soda*“ |

j) Eftirfarandi færslur um E 104, E 110 og E 124 falli brott í þeim matvælaflokkum sem getið er um:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **„01.7.5** | **Bræddur ostur** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 100 | (33) | Einungis bragðbættur bræddur ostur |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (33) | Einungis bragðbættur bræddur ostur |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 100 | (33) | Einungis bragðbættur bræddur ostur |
| **04.2.1** | **Þurrkuð aldin og grænmeti** | | | | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (34) | Einungis niðursoðin, rauð aldin |
| **04.2.2** | **Aldin og grænmeti í ediki, olíu eða saltlegi** | | | | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (34) | Einungis niðursoðin, rauð aldin |
| **04.2.3** | **Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur** | | | | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (34) | Einungis niðursoðin, rauð aldin |
| **04.2.4.1** | **Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki** | | | | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | (34) | Einungis niðursoðin, rauð aldin |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **04.2.5.2** | **Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 100 | (31) | Að undanskildu kastaníuhnetumauki |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (31) | Að undanskildu kastaníuhnetumauki |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 100 | (31) | Að undanskildu kastaníuhnetumauki |
| **04.2.5.3** | **Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 100 | (31) | Að undanskildu *crème de pruneaux* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (31) | Að undanskildu *crème de pruneaux* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 100 | (31) | Að undanskildu *crème de pruneaux* |
| **08.2.1** | **Unnið kjöt sem ekki er hitameðhöndlað** | | | | |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 200 | | Einungis *sobrasada* |
| **09.2** | **Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr** | | | | |
| | E 104 | Kínólíngult | 100 | (35) | Einungis mauk úr fiski og krabbadýrum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (35) | Einungis mauk úr fiski og krabbadýrum |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 100 | (35) | Einungis mauk úr fiski og krabbadýrum |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 250 | (36) | Einungis forsoðin krabbadýr |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 250 | (36) | Einungis forsoðin krabbadýr |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 100 | (37) | Einungis reyktur fiskur |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 100 | (37) | Einungis reyktur fiskur“ |